

GJALDSKRÁ

fyrir hirðu og eyðingu sorps í Snæfellsbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald (sorphirðu-, flutnings- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið greiðist árlega sem hér greinir:

- a) Íbúðir í þéttbýli og dreifbýli þar sem sorphirðing fer fram kr. 6.600 á íbúð í sorphirðugjald og kr. 3.300 á íbúð í sorpeyðingargjald. Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.
- b) Íbúðir í dreifbýli þar sem sorphirðing fer ekki fram, kr. 3.300 á íbúð í sorpeyðingargjald og kr. 3.300 á íbúð í gámagjald. Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.
- c) Sumarbústaðir þar sem sorphirðing fer ekki fram, kr. 2.000 á bústað í sorpeyðingargjald og kr. 3.300 á bústað í gámagjald. Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.

3. gr.

Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast kr. 2.300 fyrir tonnið, ekki mega vera neinar olfur, eldsneyti né kælivökvi á vélum.

Fyrir heil dekk greiðast kr. 4.500 fyrir hvern rúmmetra, fyrir skorin dekk kr. 2.300.

Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 3.800 fyrir tonnið.

Fyrir flokkaðan pappír greiðast kr. 6.100 fyrir tonnið. Skila skal vigtarseðlum frá hafnarvog á móttökustað og er vigtarkostnaður innifalinn í verði. Verði sett upp vigt á starfsvæði gámastöðvarinnar er heimilt að innheimta afgreiðslu og vigtargjald að fjárhæð kr. 500 með virðisaukaskatti við hverja afgreiðslu.

Fyrir blandað pressanlegt sorp greiðast kr. 8.500 fyrir tonnið, sé það sorp blandað ópressanlegum úrgangi sem nemur allt að 1/4 hluta farms skal greiða 33% álag, samtals kr. 11.300 fyrir hvert tonn og verði hlutfall ópressanlegs úrgangs það hátt að nota þurfi vélar við flokkun skal greiða 66% álag, samtals kr. 14.100 fyrir hvert tonn, virðisaukaskattur er innifalinn í ofangreindu verði.

4. gr.

Fyrir grófan úrgang (steypu- og múrbrot, gler, jarðveg o.fl.) greiðast kr. 570 á rúmmetra. Innheimta samkvæmt 3. og 4. gr. er með sérstökum reikningi, eindagi 30 dögum eftir útskrift reiknings.

5. gr.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds, þó skal greiða fyrir móttöku ís- og frystiskápa.

6. gr.

Almennir borgarar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðum úrgangi í einu án þess að greiða sérstaklega fyrir það.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Snæfellsbæ, 5. mars 2001.

Kristinn Jónasson bæjarstjóri.